

Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar

10 stig

01

Samtal umsjónarkennara og nemanda um mögulegar orsakir ófullnægjandi skólasóknar og leitað leiða til úrbóta. Foreldrar eru upplýstir um stöðu mála.

20 stig

02

Fundað með nemanda, foreldrum, umsjónarkennara og stjórnanda þar sem í sameiningu er leitað leiða til úrbóta og gert samkomulag sem allir undirrita.

30 stig

03

Fundað með nemanda, foreldrum, umsjónarkennara og stjórnanda. Mælt með aðkomu skólaþjónustu og boðið upp á samþætta þjónustu á 1. stigi.

40 stig

04

Fundað með nemanda, foreldrum, umsjónarkennara og stjórnanda. Samþætting á 2. stigi er kynnt og gripið til frekari úrræða eftir því sem við á.

60 stig

05

Hafi fyrri úrræði ekki borið árangur vísar skólastjóri málinu áfram til barnaverndarþjónustu eftir umfjöllun í nemendaverndarráði.

Góð ráð

Ef barn kvíðir að fara í skólann er mikilvægt að vera í samstarfi við kennara og fá aðstoð til að auðvelda komu í skólann.

Fara yfir skipulag næsta dags eða komandi viku með barninu t.d. ef það er uppbrot í skóla.

Hafa fót og skólagögn tilbúin fyrir barnið kvöldinu áður.

Svefn er ein af grunnþörfum og mikilvægt er að barn fái nægan svefn og regla sé á háttatíma.

Gott er að hafa reglu á skjánotkun og takmarka hana sérstaklega fyrir svefntíma.

